

Fundargerð 296. fundar hreppsnefndar Reykhólahrepps

fimmtudaginn 10. september 2009, kl. 15:00

Fundarstaður: Fundarsalur hreppsnefndar Maríutröð 5a, Reykhólum.

Fundargerð rituð á tölvu og er hún þrjár blaðsíður að stærð.

Mættir: Gústaf Jökull Ólafsson, Egill Sigurgeirsson, Sveinn Ragnarsson, Rebekka Eiríksdóttir, Karl Kristjánsson og Óskar Steingrímsson fundarritari.

Gústaf Jökull bauð menn velkomna og setti fund.

Dagskrá:

Fundargerðir:

1. Fundargerð hreppsnefndar 9. júlí 2009. Samþykkt.
2. Fundargerðir fjallskilaneftndar 11. ágúst 2009. Samþykkt.
3. Fundargerð fjallskilaneftndar 21. ágúst 2009. Samþykkt. Liður 3: Samþykkt að veita allt að kr 70.000 í efniskaup og reiknað með að fjáreigendur leggi til vinnuna.
4. Fundargerð skipulags- og bygginganeftndar 7. september 2009. Samþykkt.

Til afgreiðslu:

1. **0907028** Lóðarleigusamingur við Orkubú Vestfjarða, landnúmer 200498. Lóðarleigusamningurinn samþykktur.
2. **0906019** Bréf dags. 3. júlí s.l. frá Barnaverndarstofu með ábendingu um að sveitarfélagið gefi umboð til ákvarðanatöku til þess sveitarfélags sem samið hefur verið við um samstarf í barnaverndarmálum. Sveitarstjóra falið að senda umboð til viðkomandi aðila.
3. **0907020** Bréf dags. 13. júlí s.l. frá Sýslumanninum á Patreksfirði með ósk um umsögn vegna endurnýjunar rekstrarleyfis til Leifs Z. Samúelssonar. Sveitarstjórn sér ekkert því til fyrirstöðu að leyfið verði endurnýjað.
4. **0907029** Tölvupóstur dags. 24. júlí s.l. frá Hafþóri Hafsteinssyni og Lísu Kristjánsdóttur með ítrekun á ósk Hafsteins Guðmundssonar að fá keyptan brunninn í mýrinni fyrir neðan Grænagarð í Flatey. Erindinu hafnað, brunnurinn er ekki til sölu. Sveitarstjóra og oddvita falið að ræða við hlutaðeigandi aðila um framtíð Grænagarðsbrunnins.
5. **0908009** Simskeyti dags. 12. ágúst s.l. frá Steinari Pálmasyni með ósk um að fá staðfest lóðarmörk við Álftaland. Sveitarstjóra og oddvita falið að ræða við Steinar um lóðarmál Álftarlands.
6. **0908021** Bréf dags. 18. ágúst s.l. frá Vatnsveitu Flateyjar með ósk um viðræður um umsjón Grænagarðsbrunnins í Flatey. Sveitarstjóra og oddvita falið að ræða við Vatnsveitu Flateyjar um vatnsveitumál í Flatey.
7. **0909003** Bréf dags. 1. september s.l. frá Landslögum-lögfræðiskrifstofu með tilboði í hluta hreppsins í Þórisstöðum f.h. Ólafs Gylfasonar/Gylfa Borgþórs Ólafssonar. Erindinu hafnað.

Mál til kynningar:

1. **0812040** Bréf dags. 30. júní s.l. frá Búnaðarsamtökum Vesturlands með yfirliti yfir stöðu mála í samstarfsverkefninu um þjóðlendumál. Kynnt.
2. **0907012** Bréf dags. 6. júlí s.l. frá Vinnueftirlitinu um áhættumat starfa og forvarnir vegna öryggis og heilsu starfsmanna. Kynnt.
3. **0907013** Bréf dags. 7. júlí s.l. frá Búnaðarsambandi Vestfjarða með tillögu Búfjárræktarnefndar þess efnis að samræma fjallskilareglur innan hvers varnarhólfs. Kynnt.
4. **0907019** Bréf dags. 10. júlí s.l. frá Umhverfissráðuneytinu með úrskurði vegna stjórnsýslukæru Skipulagsstofnunar um að vegalagning austanverðan Djúpadal skuli ekki sæta mati á umhverfisáhrifum. Kynnt.
5. **0907016** Bréf dags. 14. júlí s.l. frá Reykhólahreppi til Búnaðarsamtaka Vesturlands um framkvæmd refa- og minkaveiða. Kynnt.
6. **0907021** Bréf dags. 14. júlí s.l. frá Fjórðungssambandi Vestfirðinga með fundargerð stjórnar FV frá 8. júlí s.l. Kynnt.
7. **0907023** Bréf dags. 15. júlí s.l. frá Félagi fagfólks í frítímaþjónustu með áskorun um að sveitastjórnir standi vörð um starfsemi félagsmiðstöðva og frístundaheimila fyrir börn og unglinga. Kynnt.
8. **0907034** Bréf dags. 20. júlí s.l. frá AFS á Íslandi varðandi fríðindi til skiptinema. Kynnt.
9. **0908001** Bréf dags. 4. ágúst s.l. frá Allsherjarnefnd Alþingis með ósk um umsögn við frumvarp til laga um kosningar til sveitarstjórna. Kynnt.
10. **0908010** Bréf dags. 7. ágúst s.l. frá Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytinu með kynningu á fyrirætlan sinni að auglýsa til leigu eyðijörðina Hofsstaði í Gufudal. Kynnt.
11. **0908027** Bréf dags. 18. ágúst s.l. frá Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytinu varðandi sölu jarðarinnar Seljaness í Reykhólahreppi. Kynnt.
12. **0908023** Ódagsett bréf móttekið 20. ágúst s.l. frá Evrópuskrifstofunni ehf með kynningu á þjónustu þeirra. Kynnt.

Önnur mál.

1. **0909014** Bréf dags. í dag, 10. sept. frá Ingibjörgu Þór fyrir hönd Leikfélagsins Skruggu með umsókn um leyfi til að nýta húsakost Hlunnindasýningarinnar án endurgjald.

Samþykkt að heimila afnot til 1. júní n.k. Hreppsnefnd lýsir ánægju sinni með þetta framtak.

2. **0909006** Lóðarleigusamningur við Minjavernd hf. Landnúmer 139763. Samningurinn samþykktur.

3. **0909015** Ósk um æfingarhúsnæði fyrir tækjasal frá Rebekku Eiríksdóttur fyrir hönd áhugafólks um líkamsrækt. Hreppsnefnd tekur vel í erindið og bendir á mögulegt húsnæði í kjallara sundlaugar.
4. **0908016** Umsókn um námsvist utan Reykhólaskóla. Erindinu hafnað.
5. Fyrirspurn frá Gústafi Jökli varðandi framkvæmd á íþróttavöllum. Sveitarstjóra falið að finna aðila til að samræma framkvæmdir.

Fundi lokað.

Trúnaðarmál.

Eitt trúnaðarmál á dagskrá og var afgreiðsla þess færð í trúnaðarmálabók hreppsins.

Fleira ekki tekið fyrir og fundi slitið kl. 20:35.

Gústaf Jökull Ólafsson (sign)

Egill Sigurgeirsson (sign)

Sveinn Ragnarsson (sign)

Rebekka Eiríksdóttir (sign)

Karl Kristjánsson (sign)

Óskar Steingrímsson (sign)